

Mánudaginn 15. janúar 1951.

Nr. 124/1950. **Ákærvaldið** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Jóni Árnasyni og

Aðalgeir Jónssyni (Þórólfur Ólafsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hall-
varðssonar.

Brot gegn áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Guðjónsson, bæjarfógeti í Ólafsfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Málsatvikum er réttilega lýst í forsendum héraðsdóms, og brot hinna ákærðu varða við þau refsíákvæði, sem þar segir. Ákvæði dómsins um refsingu ákærða Jóns Árnasonar þykir eiga að staðfesta, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 2 vikur frá birtingu dóms þessa, en refsing ákærða Aðalgeirs Jónssonar ákveðst 12 daga varðhald, og skal hann sviptur rétti til að aka bifreið 6 mánuði alls.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Jóns Árnasonar á að vera óraskað, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 2 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Aðalgeir Jónsson sæti 12 daga varðhaldi. Hann er sviptur rétti til að stjórna bifreið 6 mánuði alls.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestast.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækj-

anda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmann-
anna Gunnars Þorsteinssonar og Þórólfs Ólafssonar, kr.
450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Ólafsfjarðar 22. júlí 1950.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 18. þ. m., er höfðað af vald-
stjórnarinnar hálfu gegn Jóni Árnasyni verkamanni, Syðri-Á í Ólafsfirði,
og Aðalgeir Jónssyni bifreiðarstjóra, Ólafsvegi 20, Ólafsfirði, fyrir brot
gegn áfengislögunum, bifreiðalögunum og umferðarlögunum.

Ákærði Jón Árnason er fæddur í Ólafsfirði 27. júní 1929, og ákærði
Aðalgeir Jónsson er fæddur í Ólafsfirði 29. ágúst 1925.

Hvorugur þeirra hefur áður sætt ákæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 9. júlí s.l., kl. á milli 19.00 og 20.00, veitti bæjarfógetinn í Ólafsfirði
því athygli, að jeppabifreiðin Ó-31 stóð fyrir framan húsið nr. 20 við
Ólafsveg hér í bæ. Fór hann þá inn í húsið og hitti þar ákærða Jón Árna-
son, sem er umráðamaður bifreiðarinnar, og ákærða Aðalgeir Jónsson.
Virtist bæjarfógeta þeir vera undir áhrifum áfengis, og bannaði þeim að
aka bifreið þannig á sig komnir.

Eftir ósk bæjarfógeta fór Aðalgeir, sem kvaðst hafa ekið bifreiðinni að
húsinu, með honum til héraðslæknisins til athugunar, og virtist lækninum
hann ölvaður. Ítrekaði þá bæjarfógeti bann sitt við Aðalgeir, og skildi
við hann skammt frá húsi því, er hann býr í.

Um hálfri stundu síðar mætti bæjarfógeti bifreiðinni Ó-31 á Ólafsveg-
inum, og var þá Aðalgeir við stýrið, en Jón sat við hlið hans. Stöðvaði
bæjarfógeti þá bifreiðina og tók lykla hennar í sínar vörzlur.

Er ákærðu komu fyrir dóm daginn eftir, viðurkenndu þeir að hafa neytt
áfengis um kl. 3 síðd. daginn áður og kváðust hafa skipt með sér úr einu
vatnsglasi af ákavíti, síðan hefðu þeir farið þangað sem Aðalgeir er í
fæði og drukkið kaffi, farið síðan aftur í herbergi Aðalgeirs, en ekki neytt
áfengis eftir það. Finnur Björnsson, bóndi að Ytri-Á, sem borið hefur
vitni í málinu, segist hafa komið til þeirra, um ½ klst. áður en bæjar-
fógetinn kom til þeirra, og hafi þeir ekki haft vín um hönd, á meðan hann
dvaldist í herberginu hjá þeim.

Hvorugur hinna ákærðu hefur neitað því, að þeir hafi fundið til áfengis-
áhrifa, eftir að þeir neyttu vinsins, en ákærði Jón kveðst ekki hafa getað
séð áfengisáhrif á Aðalgeir, þrátt fyrir það, að hann vissi, að hann hafði
neytt áfengis. Þá hefur Jón einnig haldið því fram, að Aðalgeir hafi, er
hann kom frá lækninum, gefið í skyn, að læknirinn hafi talið hann færan
um að aka bifreið, og ennfremur segir hann, að Aðalgeir hafi þá verið
með lyklana að Ó-31 frá því fyrr um daginn. Hefur Jón fært þetta fram
því til afsökunar, að hann leyfði Aðalgeir að aka bifreiðinni. Við þetta
hefur Aðalgeir kannast.

Þá hefur ákærði Aðalgeir viðurkennt, að hann hafi um kvöldið þ. 9. þ. m., um kl. 21.00, eða um ½ klst., eftir að hann var hindraður í að aka bifreiðinni Ó-31, ekið fólksbifreiðinni Ó-32 hér um bæinn og sveitina. Ákærði á bifreið þessa að hálfu á móti Klemenz Jónssyni, bróður sínum. Hefur ákærði haldið því fram, að áfengisáhrifin hafi þá með öllu verið horfin, sökum þess, hve reiður hann varð, er hann var stöðvaður á bifreiðinni Ó-31.

Bróðir ákærða Aðalgeirs, Klemenz Jónsson, hefur verið yfirheyrður út af akstri bifreiðarinnar Ó-32, og segir hann Aðalgeir hafa tekið bifreiðina án sins samþykkis og telur, að þýðingarlaust hafi verið fyrir sig að banna það. Hann telur sig hafa séð áfengisáhrif á Aðalgeir.

Héraðslæknirinn í Ólafsfirði hefur vottað, að Aðalgeir hafi verið áberandi ölvður, er komið var með hann til athugunar kl. 20.10 kvöldið, sem hann ók bifreiðinni.

Af því, sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að ákærði Aðalgeir hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni Ó-31 um kvöldið þ. 9. þ. m., og einnig verður að telja líklegt, að áfengisáhrifin hafi ekki verið horfin, er hann ók bifreiðinni Ó-32.

Ákærði Aðalgeir var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða í réttarhaldi þ. 10. þ. m. skv. heimild í 4. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna.

Brot ákærða Aðalgeirs varðar við 21. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. 39. gr. þeirra, svo og 23. gr. bifreiðalaganna, sbr. 38. gr. þeirra og 4. gr. umferðarlaganna.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga varðhald. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærða ökuleyfi í 3 mánuði frá 10. júlí s.l. að telja.

Með því að leyfa Aðalgeir að aka bifreiðinni Ó-31 í umrætt skipti hefur ákærði Jón brotið 38. gr. bifreiðalaganna, en með tilliti til þess, að Aðalgeir hafði lykla bifreiðarinnar í sínum vörzlum og gaf auk þess í skyn. að læknirinn hefði talið hann færan um að aka bifreið, þykir refsing hans mega varða sekt, og þykir hún hæfilega ákveðin kr. 500.00, er renni til ríkissjóðs, og greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að viðlögðu 6 daga varðhaldi.

Málkostnað ber að dæma ákærðu til að greiða, annan fyrir báða og báða fyrir annan.

Dómsorð:

Ákærði, Aðalgeir Jónsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði, Jón Árnason, greiði 500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar 6 daga varðhald, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Aðalgeir Jónsson er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 3 mánuði frá 10. júlí 1950 að telja.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, annar fyrir báða og báðir fyrir annan.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.